



**Fundargerð 417. fundar í ÞVN
25. júní 2015**

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, fimmtudaginn 25. júní 2015 kl. 11.30. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Haraldur Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Svandís Svavarsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Róbert Marshall og Birgir Ármannsson. Fundinn sátu einnig Guðrún Kristinsdóttir yfirlandvörður og Árni Geirsson frá Alta, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hildur Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði;

Nefndin hvarmar það hörmulega slys sem varð í Þingvallavatni þegar veiðimaður lést og vottar aðstandendum samúð.

1. Ósk um höfnun forkaupsréttar á bústað Efristíg 6. Nefndin samþykkir að falla frá forkaupsrétti.
2. Vegabætur á Þingvallavegi innan þjóðgarðsins. Greint að nýju frá tillögum Vegagerðarinnar. Þar er gert ráð fyrir að yfirborð vegar verði fræst upp, halli og misfellur lagfærðar og öryggisflái með vegi verði útbúinn. ÞVN ítrekar samþykkt sem gerð var með tölvupósti nefndarmanna. Samþykkt að senda niðurstöðu ÞVN til Vegagerðarinnar. Þar kemur fram að ÞVN fellst á tillögur Vegagerðarinnar en þó verði ekki spillt náttúrulegu umhverfi vegarins og flái og vegrið sett á hættulegustu vegarkaflana.
3. Bráðaframkvæmdir og nýting sérstakrar fjárveitingar að upphæð 156.5 millj. til ráðstöfunar á þessu ári. Kynning á tímaáætlun og verknúmerum yfir þessar framkvæmdir. Samþykkt að fara í vettvangsskoðun í haust.
4. Rannsóknarverkefni og vöktun á ástandi Þingvallavatns. Mælingar á loftborinni mengun og kaup á mælitækjum. Samþykkt að kaupa loftgæðamæli og reyna að fá aðrar stofnanir að þessum kaupum.
5. Endurskoðun á stefnumótun þjóðgarðsins. Samþykkt eða frestun tillagna til kynningar meðal almennings. Nefndin samþykkir að fresta verkefninu fram á haust.
6. Önnur mál.
Ekkert gert undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00